



FLUGMÁLASTJÓRN

Reykjavíkurlflugvöðhur
101 Reykjavík
Sími 569 4100 · Fax 562 3619
www.caa.is · fms@caa.is

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Hr. Ágúst Geir Ágústsson
nefndarritari
Þórshamri v/ Vonarstræti
150 REYKJAVÍK

Tilv. yðar

Dags.

Tilv. vor
3.2

Dags.
26. febrúar 2001

Alþingi
Erindi nr. Þ 126/1307
komudagur 3.3.2001

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir.

Flugmálastjórn leyfir sér hér með að senda yður umsögn sína um framlagt frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1994.

Í 12. gr. frumvarpsins er lagt til að 2. og 3. mgr. 13. gr. núgildandi laga falli brott. Vill Flugmálastjórn hér sérstaklega vekja athygli á 2. mgr. 13. gr. núgildandi laga, sem hljóðar svo: "Heimilt er forráðamönnum flugvéla að leyfa reykingar í hluta farþegarýmis í atvinnuflugi milli landa. Þess skal þó ávallt gætt að óþægindi skapist ekki fyrir þá sem ekki reykja." Í greinargerð frumvarpsins segir svo um 12. gr., sem fjallar um niðurfellingu 2. mgr. 13. gr.: "Fyrri breytingin er í samræmi við reglugerð samgönguráðuneytisins nr. 86/1995 þar sem lagt var bann við reykingum í öllu atvinnuflugi með farþega milli Íslands og annarra landa frá og með 26. mars 1995. Var það bann sett af öryggisástæðum og átti sér rætur í samþykktum á alþjóðavettvangi flugmála." Til frekari áréttingar er rétt að geta þess að samkvæmt reglugerð um mannflutninga nr. 53/1976 ásamt síðari breytingum (þ.m.t. reglugerð nr. 86/1995) er óheimilt að reykja í atvinnuflugi með farþega milli Íslands og annarra landa sem og á innanlandsflugleiðum. Þá er takmörkuð heimild fyrir hendi, bæði skv. reglugerð nr. 53/1976 ásamt síðari breytingum og auglýsingu um gildistöku reglna um flugrekstur (JAR-OPS 1) nr. 171/1998, sem heimilar reykingar í farþegarými og stjórnklefa í atvinnuflugi með farþega er loftfar er í millilandaflugi án viðkomu á Íslandi. Heimildin er ennfremur háð frekari skilyrðum sem tíunduð eru í ofangreindri reglugerð og auglýsingu. Er heimildin í samræmi við núgildandi 2. mgr. 13. gr. laga um tóbaksvarnir, þó þannig að hún takmarkast við flug íslenskra loftfara milli þriðju ríkja eingöngu.

Í dag eru það aðallega íslensk flugfélög með loftför skráð á Íslandi sem stunda leiguflug fyrir erlenda flugrekendur á flugleiðum milli erlendra ríkja án viðkomu á Íslandi, sem nýta þessa takmörkuðu heimild. Ljóst er að verði ofangreint frumvarp að lögum í óbreyttri mynd verða reykingar í farþegarými íslenskra loftfara í atvinnuskyni í millilandaflugi alls staðar í heiminum með öllu bannaðar. Mikilvægum viðskiptatækifærum íslenskra flugfélaga sem stunda leiguflug um víða veröld og heimila reykingar í slíku flugi kann því að vera stefnt í hættu.

Til að koma til móts við þarfir íslenskra flugfélaga sem stunda leiguflug fyrir erlend flugfélög milli þriðju ríkja gæti því 12. gr. hljóðað svo: 2. mgr. 13. gr. skal hljóða svo: Heimilt er flugrekstraraðilum að leyfa reykingar í hluta farþegarýmis í atvinnuflugi milli þriðju ríkja án viðkomu á Íslandi að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru. Þess skal þó ávallt gætt að óþægindi skapist ekki fyrir þá sem reykja. 3. mgr. 13. gr. fellur brott.

Hvað varðar 1. mgr. 13. gr. núgildandi laga væri einnig æskilegt að reykingarbannið væri útvíkkað til annarra rýma í almenningsfarartækjum en einungis farþegarýmis, s.s. salerna, stjórnklefa, eldhúss og vörurýmis. Annar málsliður 1. mgr. 13. gr. gæti því hljóðað svo: Um borð í loftförum í atvinnuflugi skulu reykingar óheimilar.

Virðingarfyllst

f. h. f.



Ástríður S. Thorsteinsson

Samrit sent Samgönguráðuneyti